

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 19. nóvember 2007 í máli nr. S-252/2007:

Ákærvaldið

(Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari)

gegn

Jóni Inga Ellertssyni

(Stefán Ólafsson hrl.)

I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. október sl., er höfðað af ríkissaksóknara 3. september 2007 á hendur Jóni Inga Ellertssyni, fæddum 1. október 1979, til heimilis að Hlíðarbraut 8, Blönduósi;

„fyrir eftirfarandi brot gegn valdstjórninni:

1. Með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 30. desember 2006, á bifreiðastæði við verslunina Samkaup við Húnabraut á Blönduósi, hótad Þorgils Magnússyni lögreglumanni sem þar hafði afskipti af ákærða vegna skyldustarfa sinna, lífláti með orðunum „ég drep þig“.
2. Með því að hafa, á sama tíma og stað er greinir í 1. tölulið, ýtt við Vilhjálmi Stefánssyni lögreglumanni sem þar hafði einnig afskipti af ákærða vegna skyldustarfa sinna og reynt að slá til hans með krepptum hnefa.
3. Með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 17. júní 2007, í lögreglubifreið á Skagastrandarvegi á leið frá Skagaströnd til Blönduóss, hótad lögreglumönnum Vilhjálmi Stefánssyni og Ingimar Ársæli Einarssyni sem þar höfðu afskipti af ákærða vegna skyldustarfa sinna, ítrekað lífláti og líkamsmeiðingum, m.a. með orðunum „ég drep ykkur“ og „ég ætla að lemja þig“ og hótad að kyrkja og hengja lögreglumennina.
4. Með því að hafa á sama stað og tíma og greinir í 3. tölulið ítrekað slegið til Ingimars Ársæls Einarssonar lögreglumanns með krepptum hnefa og lenti eitt högg í höfði hans en önnur á handleggjum en hann reyndi að verjast árásinni.

Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 101/1976, 32. gr. laga nr. 82/1998 og 1. gr. laga nr. 25/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

II

Við þingfestingu málsins játaði ákærði skýlaust háttsemi þá sem honum er í ákæru gefin að sök og þar er réttilega færð til refsíákvæða. Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir sekt hans nægilega sönnuð og ber að gera honum refsingu fyrir brot sín.

Ákærði á að baki nokkurn sakaferil. Árið 1998 var hann dæmdur fyrir ölvun við akstur og gert að greiða sekt ásamt því sem hann var sviptur ökurétti í eitt ár. Í janúar 2000 gekkst hann undir greiðslu sektar vegna brots gegn umferðarlögum. Í febrúarmánuði árið 2002 var honum með dómi gert að greiða sekt og hann sviptur ökurétti í þrjá mánuði vegna umferðarlagabrots. Síðar sama ár var hann dæmdur til greiðslu sektar vegna brots gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Enn á sama ári var hann dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Hinn 25. nóvember 2004 var ákærði dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir líkamsárás en dómurinn var skilorðsbundinn til þriggja ára. Hinn 6. apríl 2005 var ákærði dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir líkamsárás. Þessi dómur var hegningarauki við dóminn frá því í nóvember 2004 en sá dómur hafði raunar ekki verið birtur ákærða þegar málið sem dæmt var í apríl 2005 var dómtekið. Í september 2006 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni og loks var hann hinn 20. september á þessu ári dæmdur til greiðslu sektar fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, umferðarlögum og fyrir brot gegn 19. gr. reglugerðar nr. 751/2003.

Við ákvörðun refsingar í máli þessu verður að taka sérstakt tillit til dómanna frá því í nóvember 2004 og apríl 2005. Með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að taka nefnda dóma upp og gera ákærða refsingu fyrir öll brotin í einu lagi og taka tillit til 77. gr. nefndra hegningarlaga. Ákærði hefur nú rofið skilorð nefndra dóma frá árunum 2004 og 2005 en þó verður að gæta að því að ákærða hafði ekki verið birtur dómurinn frá 2004 þegar aðalmeðferð málsins frá 2005 fór fram, raunar var brotið sem ákærði var sakfelldur fyrir 2005 framið á undan brotinu sem sakfelld var fyrir árið 2004. Verður því ekki annað séð en að rétt hefði verið að taka dóminn frá 2004 upp og dæma bæði brotin saman í stað þess að ákvarða honum hegningarauka með nýjum skilorðsdómi líkt og gert var. Þegar þetta er haft í huga er ákærði nú í raun að rjúfa skilorð í fyrsta sinn en ekki öðru sinni eins og ætla má við skoðun sakavottorðs hans. Að teknu tilliti til þessa og skýlausrar játningar ákærða þykja efni til að skilorðsbinda refsingu í máli þessu. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin níu mánaða fangelsi en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar. Samkvæmt yfirliti rannsóknara var sakarkostnaður á rannsóknarstigi málsins 132.657 krónur. Samanstendur hann af kostnaði við töku blóðsýnis, rannsókn blóð- og þvagsýna, fíkniefnarannsókn og kostnaði við öflun

áverkavottorðs. Einnig mun hafa fallið til kostnaður vegna réttargæslu Stefáns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns en reikningar vegna hennar liggja ekki frammi í málinu. Tekið verður tillit til þessa kostnaðar við ákvörðun þóknunar verjandans. Í málinu er ákærða eingöngu gefið að sök brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga. Gögn málsins bera heldur ekki með sér að ástæða hafi verið til að ætla að hann hafi með háttsemi sinni framið önnur brot og var því ekkert tilefni til að láta rannsaka blóð- og þvagsýni eða að óska eftir fíkniefnarannsókn. Sakarkostnaður vegna þessara rannsókna nam samtals 127.657 krónum. Þessi kostnaður verður ekki, eins og hér stendur á, lagður á ákærða heldur skal hann greiðast úr ríkissjóði. Ákærða ber hins vegar að greiða 5.000 króna kostnað vegna áverkavottorðs. Þá ber ákærða að greiða þóknun skipaðs verjanda síns en hún þykir hæfilega ákveðin 125.500 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun þóknunarinnar hefur verið tekið tillit til þess tíma sem fór í réttargæslu.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Ákærði, Jón Ingi Ellertsson, sæti fangelsi í níu mánuði en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún niður falla að liðnum þremur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 130.500 krónur í sakarkostnað, þar með talin 125.500 króna þóknun Stefáns Ólafssonar hæstaréttarlögmanns. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Halldór Halldórsson